


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti MYL 103 Kennsluáætlun haust 2010	

Kennarar: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is
Bryndís Arnardóttir, BRA, billa@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 11:25–12:05 s.691 6681
Fimmtudaga 14:00-14:45 s.8637541


Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni. Nemendur þjálfá notkun á tækjum til mælinga og hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og að nota til þess sjónskilning og sjónminni. Skilningur á stærðfræði mannlíkamans þjálfaður og fagurfræði hans. Nemendur beita frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Nemendur þjálfaddir íað ígrunda verk sín. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind, ljósritum, með viðarkolum, blýanti og bleki og leir.

Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannlíkamanns.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að upplifa, skynja og túlka það sem hann sér, upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- dýpki skilning sinn á gagnrýnni hugsun.
- þjálfist í að byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.



Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 45% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50%. Mæting 5% Til grundvallar matinu er annars vegar listrænn skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki, gagnrýnin hugsun. Hinsvegar verkleg færni, framfarir, frágangur, ástundun og hæfileikinn að finna lausnir.

Verkefni

1. Stórar teikningar, þar sem módelið er í löngum stöðum, með viðarkolum og við það notuð ýmis hjálpargögn. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi í stöðunni og nýta blaðið. Hlutföll mannlíkamans eru skoðuð og form.
2. Teiknaðar stórar og litlar myndir, hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum svo sem blýanti, penslum og pennum.
3. Leirmótun
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módel saga

Ath að áfanginn er próflaus og því 100% mætingarskylda!

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósotta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils